

ÁHERSLUR BSRB Í JAFNRÉTTISMÁLUM

Fundur forsætisnefndar Reykjavíkurborgar 14.11.2025

Kröfur Kvennaárs 2025

- Launajafnrétti
 - Endurskoðun starfsmats sveitarfélaga og kerfi fyrir viðbótarlaun
- Leikskóli strax að loknu fæðingarorlofi
- Stjórnvöld taki kynbundið ofbeldi alvarlega og grípi til aðgerða
- Kennsla í kynjafræði, hinseginfræðum og um birtingarmyndir kynbundins ofbeldis á öllum skólastigum
 - *Á vinnustöðum einnig?*

Nánari upplýsingar á kvennaar.is




Barneignir hafa gríðarleg áhrif á tekjur kvenna

- Að jafnaði:
- Taka mæður mun lengra fæðingarorlof en feður
- Eru utan vinnumarkaðar að öllu leyti eða hluta í bið eftir leikskólaplássi
- Tekjur kvenna lækka um 30% við fæðingu barns
 - Árið eftir um 50%
 - 5 árum síðar eru þær enn um 25% lægri en þær voru fyrir fæðingu
 - Rauntekjur feðra hækka

5 árum eftir fæðingu fyrsta barns eru tekjur kvenna 25% lægri en karla 10% hærri

Áhrif fyrstu barneignar á rauntekjur kvenna og karla í prósentum



Heimild: BS ritgerð Unu Margrétar Lyngdal Reynisdóttur í hagfræði við HÍ unnin í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið

Menntun og umönnun ungra barna

- Leikskóli grundvallarréttur allra barna
- Mikilvægt jöfnunar- og jafnréttistæki
- Veitir konum raunverulegt val um vinnumarkaðspáttöku
- Ekkert hinna Norðurlandanna með hvatakerfi til að draga úr veru barna
 - Sum staðar jafnvel enn meira framboð m.t.t. vaktavinnufólks eða þeirra sem vinna utan dagvinnu
 - Jafnan markmið að mæta þörfum foreldra fyrir sveigjanleika



Menntun og umönnun ungra barna


- Foreldrar verið mjög ánægðir með leikskóla Reykjavíkur
- Borgin verið í fremstu röð í leikskólamálum
 - Ruddu brautina og verið með lægstu gjöldin
- Grundvallarkerfisbreyting áformuð
 - Verður að byggja á greiningum, rannsóknum og víðtæku samráði
 - Lagaleg skylda til jafnréttismats
 - Gera þarf sjálfbæra áætlun um hvernig megi tryggja gott leikskólakerfi fyrir börn, starfsfólk og fjölskyldur.



Staða kvenna af erlendum uppruna

- Lægstu tekjurnar
- Erfiðast með að ná endum saman
- Líklegri til að vera á leigumarkaði
 - 70% innflytjendakvenna – 25% annarra kvenna
- 38% innflytjendakvenna og 21.6% annarra kvenna býr við verulegan skort eða skort á efnislegum gæðum
 - S.s. hvort hægt sé að greiða reikninga á eindaga, efni á heilsusamlegum mat, tvö pör af skóm sem passa (þ.á.m. vatnshelda skó)
- Slæm andleg heilsa
 - 40% innflytjendakvenna og 29% annarra kvenna
- Innflytjendakonur og konur á lægstu launum með minnsta baklandið

Heildartekjur kvenna eftir uppruna



Heimild: Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins.
Innflytjendakonur á Íslandi: Lífskjör og lífsskilyrði 2025